



Bókasafn Reykjanesbæjar

ársskýrsla fyrir árið 2015



Efnisyfirlit:

- Hagnýtar upplýsingar
 - Lykiltölur 2015
 - Hlutverk
 - Leiðarljós
 - Markmið
 - Leiðir að markmiðum
 - Aðsetur
 - Opnunartími
 - Húsnæði
 - Tölvukerfi, sjálfsafgreiðsluvél
 - Rafrænn aðgangur
 - Rekstrartölur
 - Starfsfólk
 - Helstu verkefni ársins
 - Menningsvið
- Aðfangadeild
 - Hlutverk
 - Safnkostur
- Barna- og unglिंगastarf
 - Sögustundir/heimsóknir
 - Samstarfsverkefni
 - Erindi og beiðnir
 - Sumarlestur
 - Listýningar leikskólabarna og þemasýningar
 - Koffort
 - Gaman að lesa saman
 - Laugardagar fjölskyldudagar
 - Barnahátíð
 - Sögupokar
 - Hnokka-, barna- og unglिंगadeild
- Fjölmening
 - Heimskonur
 - Samstarf við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
 - Fjölmeningarráð Reykjanesbæjar
 - Þjónusta við hælisleitendur
 - Millisafnalán
 - Samstarf við Norræna húsið
- Heimsendingar
 - Tölur yfir útlán
 - Samstarf við Blindrabókasafn
- Kynningar- og markaðsmál ásamt menningarviðburðum
 - Viðburðir
 - Kynning á bókmenntaarfinum
 - Fornbókmenntanámskeið
 - Hönnun og önnur markaðssetning
- Vefur safnsins og Facebook
 - Vefur
 - Facebook
 - Hönnun og myndvinnsla
- Tölvu- og tæknimál
 - Tölvueign
 - Forrit og kerfi
- Upplýsingadeild
 - Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir
 - Millisafnalán
 - Handbækur
 - Notendaþjónusta
 - Upplýsingavakt
- Útlánadeild
 - Verksvið
 - Útlán
- Viðgerðir og bókband
- Yfirlit yfir heimsóknir, ferðir, samstarfsverkefni, fundi, erindi, ráðstefnur og nám/námskeið
- Þjónustusamningur við Keili
 - Hagnýtar upplýsingar
 - Hlutverk bókasafns Keilis
 - Áherslur bókasafns Keilis
 - Námskeið og fundir
 - Kynningar

Forsíðumyndin er samsett. Yfirlitsmynd frá miðju safnsins, myndir frá Bókakonfektí og Notalegri sögustund með Höllu Karen.

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

LYKILTÖLUR 2015: (tölur frá síðasta ári í sviga)

Útlán: 101.144 (104.552)

Útlán á íbúa: 6,6 (7,2)

Útlán frá afgreiðsluborði safns árið 2015 voru 83.508 (89.268)

Heimsendingar, útlán á Nesvelli og Hrafnistu voru 967 (1343)

Útlán til grunn- og leikskóla (koffort, hljóðbækur, bekkjarsöfn) voru: 16.020 (12.060)

Útlán í öðrum verkefnum s.s. bókaspjalli voru 648 (576)

Millisafnalán voru 4.893 (4.251)

Fjöldi lánþega með gild kort 31. desember 2015 2.800 (2.983)

Heimsóknir leikskólabarna í sögustundir: 125 (112)

Heimsóknir bekkja úr grunnskólum: 17 (11)

Sumarlestur: 363 (270) börn tóku þátt

Þjónustutími: 51 klst á viku

Þjónustudagar: 297 (294)

Fjöldi skráðra eintaka í Gegni 31. 12 2015: (66.779) (64.859)

Fjöldi starfsmanna í árslok 2015: 9 (9). Stöðugildi 6,6 (6,6)

Hlutverk og markmið skv. Bókasafnalögum nr. 150/2012

Almenningsbókasöfn eru menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir. Markmið og hlutverk bókasafna og starfsemi þeirra eru samkvæmt lögunum að bókasöfn eru þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eigenda sinna og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Markmið bókasafna er að veita aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi. Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna.

Tilgangur laga þessara er að efla starfsemi og samvinnu bókasafna þannig að þau geti sem best gegnt því hlutverki sínu að vera þekkingarveitur og fræðslustofnanir sem halda uppi virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sem flestum sviðum og tryggja jafnframt varðveislu þess menningararfs sem bókasöfn hafa að geyma.

Út frá hlutverki safnsins skv. lögum hafa verið sett fram eftirfarandi markmið og leiðarljós:

Leiðarljós Bókasafns Reykjanesbæjar

Í samvinnu við íbúa bæjarfélagsins leitast starfsfólk við að veita vandaða bókasafns- og upplýsingaþjónustu í bjartri, opinni og vingjarnlegri stofnun.

Markmið Bókasafns Reykjanesbæjar er:

- Að veita góðan aðgang að fjölbreyttum safnkosti til aukinnar þekkingar, þroska, víðsýni og afþreyingar fyrir alla íbúa Reykjanesbæjar.
- Að verða lifandi í hugskoti íbúanna sem heilsulind hugans og fjölbreytt menningar- og upplýsingastofnun.
- Að vinna stöðugt að því að lestur verði lífsstíll allra aldurshópa.
- Að vera til styrktar í hverskonar þekkingarleit og standa vörð um íslenska tungu.
- Að upplýsa um bæjarfélagið og margvíslega þjónustu þess.
- Að vera í framvarðasveit íslenskra almenningsbókasafna um jákvæða, markvissa og öflugra þjónustu.

Þetta gerum við með því að:

- Vanda val bókakosts, tónlistar og kvikmynda, hafa rúman opnunartíma, leiðbeina um safnið og samskrá íslenskra bókasafna gegnir.is og leitir.is, hafa gott aðgengi fyrir fatlaða og heimsendingarþjónustu fyrir sjúka og aldraða.
- Gera hæfniskröfur til starfsmanna um góða þjónustu og stuðla að símenntun þeirra.
- Vinna stöðugt að kynningu safnsins og laða íbúa að.
- Leggja áherslu á mikilvægi lesturs í barnastarfi og fitja upp á nýbreytni í kynningu safngagna. Hafa íslenskt efni í fyrirrúmi og safna sérstaklega efni um Reykjanesbæ og nágrannabyggðir í Atthagadeild.
- Veita nútíma- og faglega upplýsingaþjónustu, millisafnalán, aðgang að nýjustu rafrænu miðlum og lestraraðstöðu.
- Hafa góða samvinnu við önnur söfn og viðeigandi fagfélög.

Aðsetur: Bókasafn Reykjanesbæjar er til húsa í Ráðhúsi Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12 í Reykjanesbæ. Póstfang 230. Sími 421 6770, bréfasími 421 4667. Netfang: bokasafn@reykjanesbaer.is, veffang: reykjanesbaer.is/bokasafn

Opnunartími: Safnið er opið mánud. – föstud. kl. 9-18 og laugardaga 11-17 allt árið.

Húsnæði: Safnið er í 900 m² húsnæði sem skiptist í tvær hæðir. Efri hæð er 500 m² og neðri hæð 411 m².

Tölvukerfi, sjálfsafgreiðsluvél: Bókasafnskerfi safnsins er Gegnir, landskerfi bókasafna. Ein sjálfsafgreiðsluvél er á safninu.

Rafrænn aðgangur: Bókasafnið tekur þátt í rekstri landsaðgangs að rafrænum gögnum, sjá hvar.is

Rekstrartölur: Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2015 hljóðar upp 67.825.000 kr. Tekjur voru áætlaðar 8.500.000 kr. og launakostnaður 49.500.000.

Starfsfólk: Í árslok 2015 voru 9 (9) starfsmenn á safninu í 6,6 (6,6) stöðugildum. Þeir eru: Guðný Húnbogadóttir, Guðríður Anna Waage, Anna María Cornette, Rannveig L. Garðarsdóttir, Oddný Leifsdóttir, Sigurrós Inga Sigurbergsdóttir, Stefánía Gunnarsdóttir, Anna Margrét Ólafsdóttir og Þór Fjalal Hallgrímsson. Auk þess voru Helena Ósk Árnadóttir og Jóna Þórudóttir í afleysingum. Jóna Þórudóttir starfaði í átta vikur í sumar á safninu á vegum átaks Vinnumálastofnunar fyrir háskólanema. Katrín Níelsdóttir nemi í bókasafns- og upplýsingafræði var í starfsnámi. Ingólfur Bjarnason vann í fjórar vikur á bókasafninu á vegum Vinnuskóla Reykjanesbæjar. Heiðrún Eva Gunnarsdóttir kom frá Vinnumálastofnun í gegnum verkefnið Fyrirmyndardagur og kynnti sér starfsemi safnsins. Valdís Ösp Ingvadóttir kynnti sér starfsemi safnsins í tvær vikur á vegum Samvinnu.

Helstu verkefni ársins: Helstu verkefni ársins voru opnun stigaops milli hæða þar sem sett var gler í stað veggjar. Málaðir voru nokkrir veggir á neðri hæð til þess að skapa hlýleika. Farið var í hönnun nýs vefs fyrir safnið í samvinnu við Byggðarsafnið og Duus safnahús og var nýr vefur safnsins settur í loftið í desember. Nokkur vinna fór í undirbúning og ennþá er verið að sníða hann að þörfum notenda. Frá 24. nóv til 4. des aðstoðaði starfsfólks bókasafnsins við íbúakosningu bæjarins fyrir þá sem gátu ekki af einhverjum orsökum kosið rafrænt heima. Þjónustusamningur um bókasafns- og upplýsingaþjónustu fyrir nemendur Keilis var endurnýjaður á árinu. Almenningsbókasöfnin á Suðurnesjum fengu styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurnesja til áframhaldandi kynningar á bókmenntaarfinum. Þá var settur á laggirnar ratleikur um safnið fyrir leikskóla og grunnskólabörn undir nafninu „Vallaleikurinn“. Áfram var aukin áhersla á læsi og vekja áhuga á bóklestri m.a. með þátttöku í landskeppninni Allir lesa. Stofnaðir voru nýir hópar eins og skapandi hópur um handavinnu og listaspírur fyrir unglunga. Lögð var áhersla á fjölgun fræðslu- og viðburðardagskrám í safninu og farið í aukna markaðssetningu og fjölgun vildarvina á póstlista safnsins og Facebook. Að öðru leyti var starfsemi safnsins hefðbundin.

Stjórnsýslusvið

Ásbjörn Jónsson er sviðsstjóri stjórnsýslusviðs. Menningarráð skipa þau Eva Björk Sveinsdóttir (formaður), Baldur Guðmundsson, Dagný Steinsdóttir, Davíð Örn Óskarsson og Sigrún Inga Ævarsdóttir.

AÐFANGAÐEILD

Hlutverk aðfangadeildar er skráning og tenging nýrra bóka, tímarita og annarra safngagna í Gegni, Landskerfi íslenskra bókasafna. Öll skráning fer fram eftir alþjóða reglum sem miðast við að auðvelda aðgengi notenda að safnkostinum, sem í okkar tilfalli birtist á www.gegnir.is og www.leitir.is.

Samkvæmt tölugögnum Landskerfis bókasafna taldist fjölbreyttur safnkostur Bókasafns Reykjanesbæjar í lok ársins 2015 66.769 (64.859) eintök bóka og annarra safngagna sem skiptast m.a. í 58.571 bækur, 4.936 eintök tímarita, 858 hljóðbækur, 812 hljómdiskar og 848 mynddiskar.

Mikið af pólskum bókum hefur verið gefið á safnið og flestar hafa verið skráðar í Gegni. Áfram er útgáfan heldur rýr af hljóðbókum þrátt fyrir eftirspurn lánþega. Ekki voru miklar breytingar á útgáfu og innkaupum á efni til safnsins á árinu. Bætt var í innkaup á mynddiskum vegna eftirspurnar. Áfram verður fylgst með þeim breytingum í rafrænu efni til hagsbóta fyrir lánþega.



BARNA- OG UNGLINGASTARF

Sögustundir/heimsóknir: Tímabilum sögustunda er skipt niður í vorönn (frá ársbyrjun til sumars) og haustönn (frá hausti til áramóta). 125 leikskólaheimsóknir voru skráðar á árinu, 75 leikskólaheimsóknir frá 9 leikskólum voru skráðar á vorönn en 50 heimsóknir frá 9 leikskólum voru skráðar á haustönn. Leikskólaheimsóknum heldur áfram að fjölga. 17 grunnskólaheimsóknir og tæplega 600 börn komu í heimsókn á safnið á árinu í kynningu á safninu og í Vallaleikinn. Fjöldi barna komu á bókasafnið á öskudeginum, sungu fyrir starfsmenn og fengu mjúkan blýant að launum. Katrín Ósk, höfundur bókanna um Karólínu könguló, kom í heimsókn og las upp úr bókum sínum.

Samstarfsverkefni: Barnabókavörður er í samstarfi við aðra barnabókaverði á landinu og fylgist með því sem er að gerast á öðrum bókasöfnum. Barnabókavörður tekur einnig þátt í umræðum sem varða barna- og

unglingabækur á póstlistum um málefni bókasafna. Umsjón með vali á barnabók ársins er í höndum Borgarbókasafns en almennings- og skólabókasöfn um land allt fá rétt til þátttöku.

Sumarlestur: Boðið er upp á sumarlestur 1. júní – 31. ágúst á hverju ári fyrir börn á milli 6 – 16 ára og elsta árgangi leikskólanna. Í bókasafninu var ákveðið að vera með sumarlestursbingó fyrir börn í Reykjanesbæ í ár og farið var í grunnskóla Reykjanesbæjar til að kynna sumarlesturinn. Búin voru til bingóspjöld með mismunandi lestrarleiðum til að prófa og í stað þess að draga út vinningshafa á uppskeruhátíð að hausti voru þrjár útdrættir yfir sumarið, júní, júlí og ágúst þar sem börn fengu bókaþjálf. Bókaskráin var með hefðbundnu sniði. Búið var til stórt bingóspjald sem fór upp á vegg í hnokkadeild og keypt inn leikfangatjald til að krakkarnir gætu prófað einn reitinn á spjaldinu. Metþátttaka var í sumarlestri í ár, alls voru það 363 krakkar sem tóku þátt það er talsverð fjölgun frá 2014 þegar 270 börn tóku þátt. Þetta er langbesta þátttakan í sumarlestri hingað til. Haldin var uppskeruhátíð 15. september og tekin var ákvörðun um að senda ekki boðskort í pósti heldur rafrænt. 260 boðskort voru send út og ákveðið að leggja áherslu á að þátttakendur fylli betur út þátttökuseðil á næsta ári svo hægt verði að senda út á alla. Færri mættu á uppskeruhátíðina en vonast var eftir en með tilliti til umhverfishyggju og sparnaðar er stefnt að því að senda kortin út rafrænt í framtíðinni. Gunnar Helgason leikari og rithöfundur kom og las fyrir okkur upp úr Mömmu klikk og það heppnaðist vel gestir höfðu gaman af.

Koffort í leikskólum Reykjanesbæjar: Bókasafnið er með 1 koffort í hverjum leikskóla bæjarins. Samtals á safnið 1005 bækur í þessum koffortum sem eru í mikilli notkun. Heildarútlán úr bóka koffortum eru 12.060. Það þarf að endurnýja 3 koffort og einn leikskóli óskaði eftir því að fá aukakoffort. Gerður var nýr bæklingur í koffortin um haustið.

Gaman að lesa saman: Bækurnar og hljóðbækurnar úr fjölmennningarverkefninu Gaman að lesa saman (samstarfsverkefni á milli Bókasafns Reykjanesbæjar, leikskólanna í Reykjanesbæ og Hljóðbókasafns Íslands) eru á leikskólum Reykjanesbæjar og nýttast til sérkennslu fyrir börn af erlendum uppruna. Leikskólinn Gefnarborg í Garði eru einnig með. Leikskólinn Laut í Grindavík óskaði eftir hljóðbókum úr verkefninu og það var veitt. Hljóðbækurnar eru ætlaðar tvítyngdum börnum þar sem leikskólinn er með fjölmennningarverkefnið Brú milli tungumála í gangi.

Listaspírur: Safnið er með hóp af börnum af efsta stigi grunnskólans sem kallast listaspírur. Þau hittast hálfsmánaðarlega og skoða myndlistarbækur og ræða myndlist, stefnt er að því að halda sýningu á safninu með þeim vorið 2016.

Bókaverðlaun barnanna: Þín eigin þjóðsaga og Dagbók Kidda klaufa 6 báru sigur úr bítum í Reykjanesbæ. Alls tóku 268 börn þátt í ár (miðað við 160 börn í fyrra) úr 4 skólum. Tveir heppnir hlutu bók á að launum: Margrét Ír, 13 ára og Klaudia Kuleszewicz, 10 ára.

Fjölskyldudagar: Laugardagar eru fjölskyldudagar á bókasafninu. Þá er settur fram dótakistill og sögupokar. Ákveðið var að bæta við Notalegri sögustund með Höllu Karen síðasta laugardag í mánuði.

Bangsadagurinn: Bókasafnið var með bangsagetraun í tilefni af Bangsadeginum alls voru það 90 krakkar sem tóku þátt og 4 börn voru dregin út sem fengu bókasafnsbangsa í verðlaun.

Barnahátíð í Reykjanesbæ: Framlag bókasafnsins í ár var að bjóða upp á námskeið í bókagerð. Vel var mætt og margar skemmtilegar bækur urðu til.

Sögupokar: Markmiðið með sögupokunum er að hvetja foreldra til aukinnar samveru með börnum sínum í gegnum leik og lestur og örva ímyndunarafl og sköpunargleði barna. Einum nýjum poka var bætt við á árinu, Sagan af skessunni sem leiddist.

Gjafir: Bryndís Guðmundsdóttir gaf á safnið nokkur eintök af bókum og diskum sem hún hefur gefið út undir heitinu „Lærum og leikum með hljóðin“. Ibbý félagasamtök áhugamanna um barnabókmenntir og barnameningu á Íslandi færðu öllum 6 ára börnum bók að gjöf sem þau sóttu á bókasafnið.

Þjóðaráttak um læsi: Mennta- og menningarmálaráðherra skrifaði undir samning um þjóðaráttak um læsi við bæjarstjóra í september.

Fjölmennning

Heimskonur: Hópurinn Heimskonur hefur nú verið starfræktur í tæplega þrjú ár og gengur mjög vel. Hist hefur verið mánaðarlega og verið mjög vel mætt í öll skiptin (10 – 20 konur á hverjum fundi). Einnig hafa einhverjar úr hópnum verið að hittast fyrir utan mánaðarlegu fundina. Þar sem samstarfi var komið á á síðasta ári við Rauða krossinn á Íslandi fengu Heimskonur afnot af húsinu til að vera með „Potluck“ í mars. Hver og ein kom með einn rétt og úr varð flott máltíð. Hinn árlegi sumarfagnaður var haldinn hátíðlegur 20. júní og var grillað heima hjá Claudiu, einni úr Heimskonuhópnum og sá Bókasafnið um að kaupa hamborgara og pylsur. Facebook-group – síðan hefur verið mjög virk og góð samskipti farið fram á henni. Haldin hafa verið kvöld í Virkjun þar sem eldaður hefur verið matur frá öðrum löndum. Starfsmaður safnsins hefur mætt á þá viðburði.

Rauði krossinn og Bókasafn Reykjanesbæjar: Undirbúningur hafinn fyrir heimanámsaðstoð fyrir grunnskólabörn í Reykjanesbæ. Sótt var um styrk í Þróunarsjóð innflytjendamála hjá Velferðarráðuneytinu fyrir verkefninu Heimanámsaðstoð á Bókasafni Reykjanesbæjar. Ekki fékkst styrkur en ákveðið var að sækja aftur um.

Samstarf við Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum: Tekið var á móti hópnum úr landnemaskólanum tvisvar á árinu. Auk þess hafa komið tveir hópar frá MSS sem eru í menntastöðum.

Fjölmenningaráð Reykjanesbæjar: Anna María situr fyrir hönd bókasafnsins í fjölmenningarráði Reykjanesbæjar. Haft var samband við Mannréttindaskrifstofu Íslands til að athuga með lagalega ráðgjöf fyrir innflytjendur og hælisleitendur og að leitað væri leiða til að fá þá aðstoð í gegn, meðal annars með því að finna fjármagn hjá Reykjanesbæ til að greiða akstur fyrir viðkomandi. Hera vildi fara með beiðnina í gegnum formlegri leið og lagði beiðnina fyrir fjölskyldu- og félagsráð sem á síðan að rata fyrir bæjarráð. Engin niðurstaða hefur orðið í málinu.

Hælisleitendur: Bókasafnið kemur að þjónustu við hælisleitendur í Reykjanesbæ og fær hver hælisleitandi bókasafnskort án endurgjalds og því fylgir aðgangur að tölvu í allt að klukkustund á dag. Þetta er í samstarfi við FFR.

Millisafnalán: Bókasafnið sinnir þjónustu við skóla og stofnanir um allt land með því að lána bækur á pólsku til lengri eða skemmri tíma.

Samstarf við Norræna húsið: Bókasafn Reykjanesbæjar er í samstarfi við Norræna húsið um lán á bókum á norrænum tungumálum hjá Norræna húsinu með gildu bókasafnskorti á Bókasafni Reykjanesbæjar. Lánþegar þurfa þó að hafa sjálfir fyrir því að ná sér í bækur og skila þeim aftur.

Bókasafnið í Alexandríu: Bókasafn Reykjanesbæjar safnaði saman gjafabókum sem voru sendar í alþjóðabókadeild bókasafnsins í Alexandríu.

HEIMSENDINGAR

Rannveig Lilja Garðarsdóttir hefur umsjón með heimsendingaþjónustu bókasafnsins. Farið er í heimsendingar, á Nesvelli og Hrafnistu aðra hvora viku. Um 11 lánþegar hafa þegið þjónustu í heimahús með reglulegu millibili. Þar að auki hafa starfsmenn safnsins verið milligönguliður á milli lánþega og Hljóðbókasafn Ísland þegar þannig hefur staðið á. Um 23 lánþegar nýta þjónustu bókasafnsins á Nesvöllum og á Hrafnistu eru um 13 manns sem nýta sér þjónustuna. Starfsmenn safnsins verið milligönguliður á milli lánþega og Blindrabókasafns Ísland (Hljóðbókasafn Íslands) þegar þannig hefur staðið á.

Samtals gögn í útlán (tölur síðasta árs í sviga):

Heimsendingar: 453 (687)

Nesvellir: 456 (632)

Hrafnista: 58



KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL ÁSAMT MENNINGARVIÐBURÐURM

Í markaðsstarfi starfsins var byrjað að nota mailchimp.com til þess að halda utan um póstlista Vildarvina. Þá er kynningar og dagskrárlíðir framundan sendir úr forritinu. Sótt var um styrk til Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja um Áttthagastofu en hann fékkst ekki. Á haustdögum var farið í að fjölga „ánægjuefni“ Bókasafnsins á Facebook og merkjanleg aukning orðið. Fræðslu- og viðburðadagskrám hefur fjölgað og gestakomur hafa aukist á safninu þ.e. aðsókn að viðburðum hefur aukist í takt við fjölgun þeirra.

Viðburðir á árinu:

Sýning Arkarkvanna: Sýningin var opnuð 18. apríl og stóð til 1. júní. Tvær Arkarkonur komu svo og héldu námskeið í origami pappírsmunna/bókagerð á Barnahátíð í Reykjanesbæ.

Ávaxtakarfan: Undirbúningur að sýningum á munum úr Ávaxtakörfunni hófst um miðjan janúar þegar Kikka, Kristlaug María Sigurðardóttir höfundur, kom með Edduverðlaun sem hún fékk fyrir Ávaxtakörfuna, sem og handrit og muni. Þetta mun fara í glerskáp ásamt búningum úr Ávaxtakörfunni, sem eru í eigu Leikfélags Keflavíkur og efni um Ávaxtakörfuna, dvd myndir og þætti, bækur, leikskrár og fl.

Sýningar í glerskápum: Sýning á munum úr 100 ára sögu Keflavíkurkirkju í tilefni 100 ára afmælis í febrúar. Sýning á baráttukonum, skáldkonum og skrifum kvenna 19. júní í tilefni af 100 ára kosningarétti kvenna. Sýning frá Alþingi af sama tilefni. Bryndís Súsanna Þórhallsdóttir lánaði safn (ferðakort), Pétur Skaptason (fluglakort) og Trausti Óskarsson lánaði einnig póstkortalbúm. Útlitsstilling var í höndum Oddnýjar Leifsdóttur.

Erlingskvöld: Í lok mars var haldið Erlingskvöld í samstarfi við Byggðasafn Reykjanesbæjar vegna 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna og haldin vegleg dagskrá í Duus. Erla Hulda Halldórsdóttir sagnfræðingur hélt fyrirlestur og Þórir Baldursson spilaði undir hjá Andreu Gylfadóttur, sem söng lög með texta eftir konur.

Skapandi kvöld/skapandi samvera: Ákveðið var að koma á skapandi kvöldum með þrjóna- og heklkonum. Guðrún S. Magnúsdóttir þrjónahönnuður kom í heimsókn og kynnti bækur sínar og sýndi hvað hún væri búin að vera með á þrjónunum. Myndaður var Skapandi hópur sem hafði það að markmiði að hittast í húsakynnum Bókasafnsins reglulega og vinna að handavinnu og handverki saman.

Ávaxtakarfan á bókasafninu: Á ljósanótt var boðið upp á upplestur og söng úr Ávaxtakörfunni. Maja jarðarber og Eva appelsína mættu á svæðið. Mikill fjöldi barna og fullorðinna mættu og börn nánast í öllum bókahillum.

Heilsuvika í Reykjanesbæ: Ágústa Gizurardóttir jógakennari leiddi jakkafatajóga á safninu fyrir gesti.

Norræna bókasafnavikan: Í tilefni að Norrænu bókasafnsvikunni bauð safnið upp á efni til að búa til vinabönd og vöfluhjörtu.

Jólafröndur: Í lok nóvember var safnið með jólaorigami fyrir alla fjölskylduna. Fröndurstundin var hugsuð þannig að fólk gæti farið beint eftir origami og fylgst með því þegar kveikt var á jólatrénu í skrudgarðinum.

Sögustundir með Höllu Karen: Byrjað var á Notalegum sögustundum með Höllu Karen á vetrarmánuðum. Síðasta laugardag í mánuði kemur Halla Karen og les og syngur fyrir gesti á safninu. Fyrstur var Emil í Kattholti og í desember las hún fyrir okkur jólasögur og söng jólakvæði.

Dagur íslenskrar tungu: Ljóðahópur Gljábakka kom og flutti frumsamin ljóð og spiluðu á harmonikku.

Bréfamarabon Amnesty: Í desember gátu gestir skrifað póstkort og tekið þátt í bréfamaraboni Amnesty á Íslandi. 143 gestir skrifuðu undir.

Upplæstur á Nesvöllum: Anna Margrét Ólafsdóttir las sögu og kvæði fyrir vistmenn og leikskólabörn af Gimli undir verkefninu Gaman saman. Í desember var upplæstur úr nýútkomnum jólabókum þar sem þrír starfsmenn safnsins lásu.

Kynning á bókmenntaarfinum: Bókasöfnin á Suðurnesjum standa saman að dagskrá undir yfirskriftinni Kynning á menningararfinum, þar sem fjallað er um bókmenntir á ýmsan máta. Verkefnið er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Söfnin buðu upp á eftirfarandi dagskrá árið 2015: Erlingskvöld í mars þar sem Erla Hulda Halldórsdóttir sagnfræðingur fjallaði um kosningarétt kvenna og Andrea Gylfadóttir söng lög eftir konur. Bókakonfekt í nóvember þar sem Jón Kalman Stefánsson, Árelía Eydís Guðmundsdóttir og Ásmundur Friðriksson lásu úr verkum sínum. Margrét Tryggvadóttir kom í bókasafnið í Garði og fjallaði um myndir í barnabókum. Í Grindavík fór fram kynning á verkum Ármanns Kr. Einarssonar 21. apríl. Vogar 12. október: Auður Ava Ólafsdóttir fjallaði og las upp úr bókum sínum. Sandgerði 16. nóvember: Ragnhildur Thorlacius las upp úr bók sinni Brynhildur Georgía Björnsson.

Fornbókmenntanámskeið: Námskeið í fornsögunum hélt áfram í Bókasafni Reykjanesbæjar. Vatnsdælinga saga og Finnboga saga ramma undir stjórn Þorvaldar Sigurðssonar bókmennta- og íslenskufraeðings í febrúar. Egils saga, einnig undir stjórn Þorvaldar, í október. Myndast hefur góður kjarni þátttakenda og nýir bæst við.

Starfsgreinakynning: Bókasafnið tók þátt í starfsgreinakynningu fyrir 9. og 10. bekk grunnskólanema. Þar var starf bókasafns- og upplýsingafræðings kynnt fyrir áhugasömum.

Vefur safnsins og Facebook

Vefur: Farið var í þarfagreiningu fyrir nýjan vef fyrir safnið. Gamli vefurinn Vefþór er ekki lengur haldið við.

Gengið var til samninga við Stefnu hugbúnaðarhús um hönnun á nýjum vef. Nýi vefurinn fór í loftið í desember.

Facebook: Hugað er að því að hafa síðuna lifandi og innihaldsríka. Færðar eru fréttir af viðburðum, bókum, sýndar myndir af gestum og dagskrárliðum og ýmsu skemmtileg og tilfallandi efni. Fjölgað var innleggjum og ánægjuefni Bókasafnsins á Facebook jókst.

TÖLVU- OG TÆKNIMÁL

Tölvueign: 14 tölvur eru nú í eigu safnsins, þar af 4 nettölvur fyrir gesti með prentara, 3 Gegnis-leitartölvur fyrir gesti, tvær á neðri hæð sem veita aðgang að gegnir.is og leitir.is, þar sem hægt er að fletta í bókakosti allra bókasafna á landinu auk rafrænna gagnasafna og á efri hæð geta ferðamenn einnig flett upp í vefsetrunum visiticeland.com, safetravel.is og vegvisir.is. og ein sjálfsafgreiðsluvél. Boðið er upp á þráðlaust net fyrir gesti og er aðgangur ókeypis fyrir lánþega safnsins. Lánþegum býðst einn klukkutími á dag í netkaffinu án endurgjalds. Árið 2015 voru 1.998 skráningar í netkaffi bókasafnsins sem gerir um 166 á mánuði. Mest var aðsóknin í netkaffið í september eða 201. Önnur afgreiðslutölvur var endurnýjuð á árinu.

Forrit og kerfi: Stýrikerfi á tölvum bókasafnsins er Windows 7. Bókasafnskerfið Gegnir er sett upp á allar tölvur fyrir utan leitartölvur lánþega og netkaffi. Gegnir er samskrá íslenskra bókasafna og veitir aðgang að safnkosti nær allra íslenskra bókasafna svo hægt er að leita innan hans. Í Gegni fara fram öll útlán, skil, skráning, tengingar, millisafnalán og stór hluti heimildaleita. Forritið sem heldur utan um netkaffið heitir TrueCafe. Helstu forrit sem starfsfólk notar eru þau sem fylgja Microsoft Office kerfinu og Gegnir. Önnur helstu forrit eru Adobe Photoshop, Dreamweaver, Photostation, Microsoft Publisher, Acrobat Writer, GoPro og Lotus Notes.

UPPLÝSINGAÐEILD

Upplýsingaþjónusta og heimildaleitir: Starfsemi Upplýsingaæildar bókasafnsins felst í einstaklingsþjónustu til þeirra sem leita eftir upplýsingum og heimildum en er jafnframt fólgin í leiðbeiningum um bóka- og tímaritakost safnsins og um rafrænar leiðir til markvissrar upplýsingaöflunar. Markmið Upplýsingaæildar er að veita öllum sem leita til safnsins, nútíma- og faglega upplýsingaþjónustu. Starfsfólk upplýsingaæildar leggur áherslu á að efla með notendum færni í upplýsingalæsi, þ.e. að finna, nota og meta upplýsingar með faglegum og ábyrgum hætti. Því býður upplýsingaæildin viðskiptavinum upp á notendabjónustu þar sem farið er yfir helstu þætti upplýsingalæsis. Áfram verður lögð var áhersla á að kynna leitir.is til heimildaleita í gagnagrunni bókasafna auk fræðigreina. Á leitir.is er hægt finna efni í rafrænum gagnasöfnum eins og hvar.is og timarit.is. Á árinu 2015 varð aukning á skráðum heimilaleitum 277 (264). Upplýsingaþjónustan er á neðri hæð safnsins og virðist vera að festa sig í sessi hjá bæjarbúum. Ennþá ber svolítið á því að gestir vita ekkert af aðstöðunni á neðri hæðinni auk alls þess bókakosts sem þar er. Vonandi breytist það með betri merkingum og breytingu á handriði. Tekið var í gagnið aukaherbergi á neðri hæð safnsins „Búrið“. Nemendur hafa nýtt sér þá aðstöðu í auknum mæli.

Millisafnalán: Beiðnir um millisafnalán frá öðrum söfnum 33 (32), millisafnalán til annarra bókasafna 310 (199), lán til annarra stofnana s.s. skóla 4893 (3365) og lán til skipshafna (skipakassar) 650 (544). Gísli Reynisson hjá Aflafréttum hefur fengið millisafnalán frá Þjóðskjalasafni en á ábyrgð safnsins. Hann sækir og skilar öskjunum sjálfur.

Notendafræðsla: Með notendafræðslu gefst lánþegum kostur á að fá kennslu í upplýsingalæsi, sem minnst var á hér að ofan, og heimildaleit í sérhæfðum gagnagrunnum. Þjónustan er gjaldfrjál.

Upplýsingavakt: Stefanía, Þór, Svanhildur og Sigurrós sinntu upplýsingavakt á bókasafninu. Miðað er við að starfsmaður sé á upplýsingavakt frá 10 til 16 virka daga en það hefur því miður ekki tekist. Viðskiptavinum er boðið að fylla út beiðni um fyrirsurnir og heimildaleitir þegar enginn er á upplýsingavakt.

ÚTLÁNADEILD

Verksvið: Markmið útlánadeildar er að veita gestum Bókasafnsins sem besta þjónustu í miðlun upplýsinga á öllum sviðum. Undir útlánadeild falla eftirtaldir verkþættir: útlán og móttaka safnefnis bókasafnsins, innheimta vanskila, pantanaþjónusta, heimsendingarþjónusta, útlán til aldraðra, útlán til skipa, þjónusta við sjúkrahúsið og dvalarheimilin, símsvörun og upplýsingar í síma, upplýsingar og leiðbeiningar til viðskiptavina, tölvuþjónusta fyrir viðskiptavinum, aðstoða viðskiptavina við tölvunotkun, uppröðun í hillur, grisjun og tiltektir, fylgjast með gagnaeign safnsins og koma með tillögum um innkaup, fylgjast með útgáfu bæði innanlands og erlendis, sýningar á safnefni og ýmis önnur tilfallandi verkefni.

Útlán: Útlán frá afgreiðsluborði safns árið 2015 voru 83.508 (89.268). Heimsendingar og útlán á elliheimili og sjúkrahúsið voru alls 967 (1.1319). Útlán til grunn- og leikskóla (koffort, hljóðbækur, bekkjarsöfn) voru: 16.020 (13.365). Útlán í öðrum verkefnum s.s. bókaspjalli voru 648 (576). Flest útlán voru í mars 8.386. Safnið var opið í 51 klst á viku yfir veturinn 297 (294) daga á árinu.

VIÐGERÐIR OG BÓKBAND

Gert er við safngögn eins hægt er hér í húsi. Ekkert var bundið inn af Faxa né Víkurfréttum á árinu. Innbindingu á Faxa gæti verið sjálfhætt þar sem byrjað er að mynda Faxa á timarit.is



YFIRLIT YFIR HEIMSÓKNIR, FERÐIR, SAMSTARSVERKEFNI, FUNDI, ERINDI, RÁÐSTEFNUR OG NÁM/NÁMSKEIÐ

Heimsóknir:

Landnemahópurinn frá MSS í kynningu og heimildavinnu

Stjórnslusvið:

Fundir mánaðarlega

Menningarráðsfundir mánaðarlega

Nám og námskeið:

Millisafnalán – SS

Vinnustund – SG,OL,GW,KBS,SE,RG,ÞFH,SS,GH

Vinna í Vinnustund hjá Advania – SG

Hversdagsverkin í nýju ljósi hjá Landskerfum – RG,OL,GW,GH

Markaðsmál á mannamáli - SE

Skráningarnámskeið í Gegni – SS

Námskeið í Vatnsdælinga sögu og Finnboga saga ramma – SG,RG,GH

Egils saga í október – SG,GH

Morgunkorn Upplýsingar – SG

Ráðstefnur, fundir:

Skipulagsfundir Landsfundar 2016 - SG,SS,AMÓ,SE

Fjölmenningsfundir – KBS, AMC fulltrúi

Smásagnasamkeppni - SG, ÞFH

Stefnumótunarvinna bókasafns Keilis: SS,SG

Fundir hjá húsráði ráðhúss: SG

Kynning á GoPro.net - SG

Ljósanæturfundur með bæjarbúum - SG

Reglulegir fundir með hagdeild – SG

Íbúakosningar – SG,GH,GW,AMC,OL,RG,ÞFH,SS

Fundur um atvinnu- og menntamál - SG

Skipulagsmál á safninu – SG,RG,OL,GH,ÞFH,AMC,GW

Aðalfundur Landskerfis í maí - SG fulltrúi

Barna- og unglingaráðstefna í Gerðubergi - KBS

Vorfundur SFA á Suðurlandi - SG
Aðalfundur Málræktarfélags Íslands í júní - SG fulltrúi
Next Library 2015 ráðstefna - SG
Samstarfsfundur Suðurnesjasafna - SG
Umsjón með bókasþjalli - RÁ

Samstarfsverkefni, nefndir og stjórnir:

Byggðasafn Reykjanesbæjar - samstarf um ýmis verkefni - SG
Kynning á bókmenntaarfinum - með almenningsbókasöfnunum í Grindavík, Garði, Sandgerði og Vogum
Bókasafnsdagurinn - kynning á bókasöfnum og starfsemi þess
Heilsuvika - KÚMM teymi
Hljóðbækur fyrir börn innflytjenda - samstarf við Blindrabókasafn - KBS,AMC
Landskerfi bókasafna - SG
Málræktarfélag Íslands - SG fulltrúi Reykjanesbæjar á aðalfundi
Raddir, samtök um vandaðan upplestur - SE í félagsráði samtakanna
Samstarf bókasafna í SUD50 stjórnunareiningu Gegnis - SG
Samstarf almenningsbókasafna á Suðurnesjum - SG
Samstarf forstöðumanna bókasafna í Mosfellsbæ, Reykjanesbæ og á Seltjarnarnesi - SG
Samráðsfundur framhaldsskólabókavardar - SS fulltrúi
Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna - SG fulltrúi
Samstarf við vinnuskólann - 1 nemandi
Samstarf við Vinnumálastofnun - 1 aðili
Stýrihópur um fjölmenningu í Reykjanesbæ - KBS,AMC fulltrúar stjórnslusviðs
Upplýsing - Félag bókasafns- og upplýsingafræða - allir starfsmenn félagar

Starfsmannafundir, starfsmannamál:

Hópavinna - teymi um málefni/verkefni funduðu eftir þörfum
Starfsmannafundir

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ KEILI

Hagnýtar upplýsingar:

Starfsmaður: Sigurrós Inga Sigurbergsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur starfar á safninu alla daga.
Aðsetur bókasafns Keilis er í miðrymi Keilis, Grænásbraut 910 - Ásbrú. Starfsmaður er á vakt frá kl. 10-16 alla skóladaga. Þjónustusamningur á milli Bókasafns Reykjanesbæjar og Keilis var endurnýjaður óbreyttur í febrúar 2015. Samkvæmt samningnum fá nemendur Keilis fullan aðgang að safnkosti og þjónustu bókasafns Reykjanesbæjar. Samningurinn felur m.a. í sér að:
Nemendur Keilis fá frí lánþegaskírteini
Nemendur Keilis fá upplýsingaþjónustu og aðstoð við heimildaleit
Nemendur Keilis fá safnkennslu í upplýsingalæsi
Bókasafns- og upplýsingafræðingur er á vakt í Keili alla kennsludaga frá kl. 10:00 til 16:00.
Hlutverk bókasafns Keilis: Meginhlutverk safnsins er að veita nemendum og starfsmönnum greiðan aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms og kennslu. Bókasafn Keilis veitir persónulega þjónustu og styður nám og kennslu við skólann. Þjónustan við notendur felst einkum í: faglegri upplýsingaþjónustu, leiðbeiningum við heimildaleit, leiðbeiningum við upplýsingalæsi, úrvinnsla heimilda, útlán og námsaðstoð.
Eintakatölur bókasafns Keilis í árslok 2014: 4.643 (4.424), þar af bækur 3.835 (3.620). Aðrar tölur 2015, frá fyrra ári í sviga: útlán: 606 (208), millisafnalán á árinu voru 4 (4) og notendafræðsla 13 (10) manns.
Aukning hefur orðið á öllum tölum nema í millisafnalánum. Þá hafa heimildaleitir og aðstoð við nemendur aukist.

Áherslur bókasafns Keilis: Skráning við BSc lokaritgerða hjá nemendum í tæknifræði hélt áfram árið 2015 auk skráning nýrra bóka hélt áfram. Mikil aukning varð í bókakosti flugakademíunnar sem og í ævintýranáminu þegar kemur að nýskráningu bóka. Á árinu var unnið talsvert með skjala- og málakerfi Keilis og þá sérstaklega sem sneri að samningaviðbótinni. Mikið lagt í að koma samningum í rafrænt form og verður haldið áfram með það verkefni. Bókasafnið heldur kynningar á þjónustu safnsins, heimildavinnu, tilvísunum og höfundarétti fyrir alla nýnema Keilis. Auk þess býðst nemendum persónuleg kennsla í upplýsingalæsi og heimildaleit á netinu í sérhæfðum gagnagrunnum. Námsráðgjafar hafa notað bókasafnið til ýmislegra örkyrninga og vinnustofur fyrir nemendur í byrjun prófa og hefur reynst vel. Samfélagsmiðlar þá sérstaklega Facebook voru áfram nýttir til að koma upplýsingum áfram til nemanda, bæði um þjónustu safnsins og öll ný safngögn sem berast. Mikið hefur borið á að einstaklingar séu að færa bókasafninu gjafir. Bókasafnið fékk talsvert af bókum um viðskiptafræði og neytendahegðun, sögu Bandaríkjanna og ýmsar bækur tengdar tölvum og forritun. Frá Orkustofnun komu þrjú kassar fyrir tæknifræði og iðulega fær bókasafn Keilis bókagjafir frá Bókasafni Reykjanesbæjar. Bókasafnið fékk gefins innbundinn Skírnir frá árinu 1914, riddarasögur, Sturlungu og Íslendingasögurnar. Fengum átta stykki af bókinni Náttúruvá frá forlaginu. Ein bókin er eign bókasafnsins en afgangurinn verður notaður til gjafa. Bókasafn Keilis skipti á Softline bókasafnshillum við Bókasafn Reykjanesbæjar og fékk í staðinn sömu tegund bókasafnshillna en stærra. Með þessum skiptum fékk Keilir auka 12 hillumetra sem koma sér mjög vel.

Námskeið og fundir:

Millisafnalán

Fundir um skjalamál Keilis.

Fundir hjá kennslusviði.

Fundir hjá Hitaveitu Suðurnesja vegna samningakerfis OneCrm

Starfsmannafundir.

Fundir hjá bókasafnsfræðingum í framhaldsskólum.

Kynning á Proquest í Þjóðarbókhliðunni.

Fræðslufundur skrásetjara.

Kynningar:

3. janúar - kynninga á bókasafninu, heimildaleit og þjónustu fyrir fjarnemendur.

14. janúar – kynning fyrir flugvirkja.

22. ágúst – Kynning á bókasafninu fyrir ævintýramennsku.

24. ágúst – kynning fyrir háskólabró.

8. september – Bókasafnsdagurinn, bæklingar og veggspjöld- boðið upp á rúsínur og hnetur.

16.nóvember – dagur íslenskrar tungu - boðið upp á rúsínur og hnetur.

27. nóvember - kynning á bókasafninu, heimildaleit og þjónustu.

Ársskýrsla þessi byggir á ítarlegum skýrslum frá deildarstjórum og umsjónarmönnum verkefna.

Gjört í mars 2016

Stefanía Gunnarsdóttir

forstöðumaður

